



Móttækið 27. sept.

Pingskjal nr. 14

Flytjandi Hestamannafélagið Snæfellingur
Lagt fyrir _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir eftirfarandi reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót, 5. gr. Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót, mgr. 7.

Málsgreinin er:

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í öllum flokkum í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á Landsmóti. Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

Málsgreinin verður:

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í A og B flokki gæðinga í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á landsmóti.

Í ungmenna- unglunga og barnaflokki ákvarðist fjöldi þátttakanda, sem fá þátttökurétt á Landsmóti í gegnum stöðulista, við þann fjölda sem skráður hefur verið og fengið hafa keppnisrétt á Landsmótum í gegnum úrtökur hjá sínum félögum. Öll sæti sem félögin nýta ekki teljast því til stöðulista. Heildarfjöldi þátttakanda í flokkunum þremur getur að hámarki orðið sá fjöldi sem yrði ef öll aðildarfélög sendu þann fulltrúafjölda sem þau hafa heimild til.

Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga þátttökurétt.”

Greinargerð

Í þeirri þörf sem hestamenn eiga á nýliðun er afleitt að ungir knapar sem áhuga hafa á að keppa á landsmóti fái ekki að keppa á meðan sum félög nýta ekki sinn rétt til þátttöku. Þessi breyting yrði því hvetjandi fyrir unga knapa að stefna að því að komast á Landsmót. Þetta fyrirkomulag myndi fjölga ungum keppendum á Landsmóti. Þar sem á landsmótum er notast við sérstaka forkeppni er ekki um mikla lengingu á dagskrá Landsmótanna að ræða. Í sérstakri forkeppni eru dæmd um 30 keppendur á klukkustund.